

Áveitan

11. tbl. 5. árgangur. Nóvember 2011

Umsókn um styrk vegna íþróttaiðkunar

Þann 1. desember næstkomandi rennur út frestur til að sækja um styrki til íþróttaiðkunar sem veittir eru samkvæmt samstarfssamning ungmennafélaganna í Flóahreppi og Flóahrepps.

Allir sem lögheimili hafa í Flóahreppi og stunda íþróttagreinir sem rúmast innan vébanda ÍSÍ eiga rétt á styrk. Styrkir er veittir vegna greiðslu æfingagjalda og vegna æfinga- og keppnisferða. Umsóknum verður að fylgja nauðsynleg gögn sem sýna fram á greiðslu æfingagjalda eða ferðakostnaðar. Úhlotunarreglur má finna á www.floahreppur.is undir liðnum gjaldskrár og samþykktir.

Umsóknir skulu berast til formanna ungmennafélaganna í Flóahreppi sem eru:

Umf. Baldur - Baldur Gauti Tryggvason ballroq@hotmail.com

Umf. Samhygð – Stefán Geirsson stegeir@hotmail.com

Umf. Vaka – Guðmunda Ólafsdóttir gola_89_15@hotmail.com

Ungmennafélögin og Flóahreppur



Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir
fanneyo@emax.is

Frá sveitarstjóra

Samningur við nemendur

Flóahreppur hefur gert samning við nemendur 10. bekkjar um aðstoð við gæslu í frímínútum og í mótuneyti skólans.

Nemendur annast gæsluna með kennurum og öðru starfsfólki skólans.

Skólastjóri og umsjónarkennari skipuleggja starfið fyrir nemendur og hafa yfirumsjón með því.

Nemendur fá greitt fast verð frá Flóahreppi fyrir vinnuna sem rennur óskipt í ferðasjóð þeirra.

Þeir nemendur sem annast gæsluna hverju sinni hafa kuldagalla og endurskinsvesti til afnota.

Þetta fyrirkomulag gengur vel, krakkarnir standa sig með þryði og starfsfólk er ánægt með aðstoðina.

Allir nemendur 10. bekkjar ásamt skólastjóra, umsjónarkennara, formanni fræðslunefndar og sveitarstjóra skrifuðu undir samninginn.

Ráðning starfsmanns við félagsmiðstöð

Örvar Rafn Hlíðdal hefur verið ráðinn starfsmaður félagsmiðstöðvar í Flóaskóla. Hann starfaði við félagsmiðstöðina s.l. vetur þegar hún var stofnuð og hefur mikla reynslu af slíku starfi í félagsmiðstöðinni Zelsiuz á Selfossi þar sem hann starfaði í mörg ár.

Félagsmiðstöðin er ætluð unglingum 8. - 10. bekkjar Flóaskóla og mun Örvar skipuleggja og móta dagskrá hennar ásamt unglingunum og æskulýðsnefnd Flóahrepps.

Örvar starfar sem leiðbeinandi og stuðningsfulltrúi í Flóaskóla og er boðinn velkominn til starfa við félagsmiðstöð Flóahrepps.

Fjárhagsáætlanir

Þessa dagana er verið að vinna að endurskoðun fjárhagsáætlunar Flóahrepps fyrir árið 2011 og undirbúa gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2012.

Liður í þeirri vinnu er að kalla eftir tillögum frá nefndum og stofnunum sveitarfélagsins og yfirfara gjaldskrár. Samþykkt var að bjóða út tæmingu rotþróa við íbúðarhús og stofnanir Flóahrepps en núgildandi samningur rennur út n.k. vor.

Tónahátíð

Röð viðburða í tali og tónum hefur verið í félagsheimilum sveitarfélagsins í október og mun enda 5. nóvember n.k. í Þingborg.

Byrjað var í Félagslundi þann 1. október með lögum Oddgeirs Kristjánssonar frá Vestmanneyjum í flutningi Jóns Gunnars Biering Margeirssonar gítarleikara, Ingólfs Magnússonar bassaleikara og Hafsteins Þórólfsssonar söngvara.

Á tónleikunum voru allar hans helstu perlur fluttar ásamt því að flytja lög sem eru síður þekkt. Í bland við flutninginn voru sagðar sögur af verkum hans.

Næsti viðburður var í Þjórsárveri 15. október með sýningu einleiksins Mamma, ÉG? Þar fjallaði Lilja Katrín Gunnarsdóttir um meðgöngu, fæðingu og sjálft móðurhlutverkið.

Sigurður Ingi Sigurðsson í Hamarskoti, fyndnasti maður Suðurlands var einnig með uppistand.

Þriðji og síðasti viðburðurinn verður í Þingborg 5. nóvember þar sem Helgi Björns og reiðmenn vindanna verða með stórtónleika.

Þessi tónleika/viðburðaröð var undirbúin og skipulögð af rekstarstjórn og húsverðum félagsheimila Flóahrepps og eiga þau hrós skilið fyrir frábært framtak.

Búfjáreftirlit

Minnt er á gjald sem tekið er fyrir sérstaka haustskoðun og eru bændur hvattir til að skila inn skýrslum til að komist verði hjá innheimtu slíkra gjalda.

Morgunfundur með sveitarstjóra og oddvita

Laugardaginn 26. nóvember n.k. munu Margrét sveitarstjóri og Aðalsteinn oddviti vera í Félagslundi frá kl. 10.00-12.00 þar sem gestum og gangandi gefst kostur á að spjalla um þau mál sem á þeim brenna. Þetta er upplagt tækifæri fyrir íbúa til að koma með hugmyndir um hvað eina sem má betur fara í rekstri Flóahrepps.

Heitt verður á könnunni, allir velkomnir.

Þakkir

Sendi bestu þakkir fyrir gjafir sem mér bárust á fimmtugsafmæli mínu frá sveitungum mínum í Villingaholtshrepp hinum forna.

Halldór Svanur Jóhannsson

Frá Kvenfélagi Hraungerðishrepps

HERBERGISKVÖLD KVENFÉLAGS HRAUNGERÐISHREPPS

Fyrsta herbergiskvöld vetrarins verður þriðjudagskvöldið 8. nóvember næstkomandi í Þingborg. Þar ætlum við að ræða hvað við getum gert í tilefni afmælisársins 2013. Þær sem vilja komi með handavinnu. Þær sem ekki komast en eru með góðar hugmyndir geta haft samband við Höllu í Reykjaseli netfang: reykjasel801@simnet.is og Veroniku í Túni tun1@simnet.is

Heitt á könnunni. Hlökkum til að sjá ykkur.

HEIMAKVÖLDVAKA

Opið hús verður hjá Elínborgu Högnadóttur í Miðholti þriðjudagskvöldið 15. nóvember næstkomandi kl. 20:30. Jólakort SSK verða til sölu. Það er alltaf gaman að eiga notalega kvöldstund saman.

Stjórn Kvenfélags Hraungerðishrepps

JÓLAFUNDUR KVENFÉLAGS HRAUNGERÐISHREPPS

Laugardaginn 10. desember kl. 11:00 verður jólafundur Kvenfélags Hraungerðishrepps haldinn í Þingborg. Að fundi loknum verður boðið uppá ljúffengann hádegisverð í boði kvenfélagsins. Takið daginn frá og eigum ánægjulega stund saman á aðventunni. Nýir félagar hjartanlega velkomnir. Nánar auglýst síðar.

Kaffikonur: Guðbjörg Jónsdóttir Læk, Hafdís Hafsteinsdóttir Hæli, Halla Reynisdóttir Reykjaseli, Jónína Einarsdóttir S-Reykjum, Ragnheiður Jónsdóttir L-Reykjum og Svanhvít Hermannsdóttir Lambastöðum.

Stjórnin.

Þorablót í Þjórsárveri

verður haldið 4. febrúar 2012. Takið daginn frá.

Nefndin

Frá UMF Baldri

Það helsta sem er framundan hjá Umf. Baldri í vetur er að sjálfsögðu aðalfundur í byrjun janúar sem verður núna með breyttu sniði frá því sem hann var áður, verður auglýst betur næst. Síðan verður þrettándagleði einnig haldinn í byrjun janúar. Sá mánuður verður síðan undirlagður í undirbúning þorrablótsins sem verður haldið þann 28. janúar. Síðan er stefnt á að halda hraðskákmót um páskanna líkt og var tekið upp í fyrra eftir þó nokkuð hlé. Í allan vetur verða síðan íþróttaæfingar og einnig mót hjá krökkunum og eru foreldrar hvattir til að fylgja börnum sínum vel eftir á æfingar og mót.

Þorrablót í Þingborg

Hið sívinsæla og æðislega skemmtilega þorrablót Umf. Baldurs og Sandvíkurhrepps verður haldið laugardagskvöldið 28. janúar 2012. Nánar auglýst síðar. Takið daginn frá, þússið skónna, hreinsið kjólin eða jakkafötin og æfið danssporin því þá verður fjör og endalaus gleði fram á nótt.

Huginn

Fyrir áhugasama er ennþá til nóg af einstaka árgöngum af Huginn, blaði Umf. Baldurs. Til að nálgast eintak er hægt að hafa samband við Baldur Gauta formann eða einhvern annan úr stjórn.

Ljósmyndir

Umf. Baldur óskar enn eftir myndum af starfi félagsins í gegnum tíðina. Spurt var um þetta fyrr á árinu og urðu viðbrögð nokkur. Aldrei er þó nóg til af myndum og getum við vel tekið á móti fleiri myndum liggi þær einhvers staðar hjá fólki, annaðhvort gefins eða þá til eftirprentunar. Hafið samband við stjórnarfólk séu til myndir hjá ykkur af athyglisverðum atburðum hjá félaginu.

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps

Þrjónakvöld verða haldin í Þjórsárverri mánudagskvöldin 7. og 21. nóvember kl. 20.30 til 22.30
Allar konur velkomnar að eiga með okkur notalega stund við hannyrðir

Menningarferð Kvenfélags Villingaholtshrepps

Ákveðið hefur verið að fara í menningarferð til Reykjavíkur laugardaginn 3. desember. Farið verður af stað í kringum hádegi og komið til baka að kvöldi.

Áhugasamar konur skrái sig í ferðina hjá Huldu (866-3245 / hulda@floaskoli.is) fyrir fimmtudaginn 1. desember. Nánar auglýst síðar.

Skemmtinefndin

Félagsmiðstöð Flóa

Félagmiðstöð Flóa auglýsir eftir notuðum en vel með förnun sófa helst gefins til að hafa í félagsmiðstöðinni. Einnig ef fólk á einhverskonar spil eða eitthvað sem það sér fyrir sér sem hægt er að nýta í félagsmiðstöðinni og vill gefa væri það kærkomið. Félagsmiðstöð Flóa er fyrir unglunga í 8. – 10. bekk í Flóaskóla.

Hægt er að hafa samband við Anný Ingimarsdóttur, formann æskulýðs- og tómstundanevfnar Flóahrepps vegna þessa, netfang anny@isart.is

Tilnefningar til íþróttamanns Flóahrepps

Óskað er eftir tilnefningum til íþróttamanns Flóahrepps fyrir 1. desember. Íþróttamaðurinn skal hafa lögheimili í Flóahreppi og stunda íþrótt sem stunduð er innan vébanda ÍSÍ. Tilnefningar skulu berast til formanna ungmennafélaganna í Flóahreppi en þeir skipa ásamt fulltrúa Flóahrepps valnefnd sem sér um útnefningu á íþróttamanni Flóahrepps fyrir árið 2011.

Umf. Baldur - Baldur Gauti Tryggvason ballroq@hotmail.com

Umf. Samhygð – Stefán Geirsson stegeir@hotmail.com

Umf. Vaka – Guðmunda Ólafsdóttir gola_89_15@hotmail.com

Frá Flóaskóla

Það var mikið að gera í október mánuði og hann var líka rosalega skemmtilegur ☺ Nemendur í 2.-5. bekk komu fram í tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Hörpu í Reykjavík í lok október ásamt fjórum aðstoðarmönnum úr eldri bekkjum. Tilfnið var 60 ára afmæli Tónmenntakennarafélags Íslands en félagið stóð fyrir tónleikum sem hátt í 20 grunnskólar tóku þátt í. Nemendur okkar æfðu atriði úr Kardimommubænum og spiluðu á mörg ólík hljóðfæri. Eftir tónleika var farið á pizzustað og það voru rosalega glaðir og þreyttir krakkar sem keyrðu heim um kvöldið. Upplifunin að koma fram í Hörpu var mikil og verður þessum flottu krökkum vonandi hvatning til áframhaldandi góðra verka. Kolbrún tónmenntakennari á hrós skilið fyrir að ýta okkur út í að taka þátt og sjá um undirbúning og æfingar með krökkunum.

Félagstarf unglínganna í 8.-10. bekk fór á fullt í október og hefur verið nóg að gera, bæði í skólanum og á vegum félagsmiðstöðvarinnar, m.a. opið hús, hæfileikakeppni í Vallaskóla, búningaball í Aratungu og svo verður ball í Sunnulækjarskóla í vikunni. Nýkjörið nemendaráð er mjög virkt og hefur strax náð að mynda tengsl við nemendaráð í nálægum skólum.

Nú stendur yfir dansnámskeið í Flóaskóla á vegum Dansskóla Jóns Péturs og Kõru en því lýkur með danssýningu fyrir foreldra þann 10. nóvember kl. 12:30-13:15. Þann 16. nóvember verður samkoma á sal kl. 10:30 í tengslum við Dag íslenskrar tungu og þá ætla nemendur í 2.-5. bekk að endurtaka flutning sinn síðan í Hörpu. Auk þess verða mörg fleiri atriði í boði – þeir foreldrar sem vilja koma og fylgjast með eru velkomnir.

Niðurstöður samræmdra prófa í 10. bekk voru sérlega ánægjulegar, sérstaklega í ljósi þess að 10. bekk er nú kennt við Flóaskóla í fyrsta sinn. Meðaltalseinkunnir okkar nemenda voru töluvert yfir meðaltalseinkunnum í okkar kjördæmi og vel yfir meðaltalseinkunnum á landinu öllu. Við óskum nemendum til hamingju með frábæran árangur! Foreldrum nemenda í 4. og 7. bekk hafa borist einkunnir samræmdra prófa en ekki hafa verið gefnar upp samanburðartölur við kjördæmin og landið í heild sinni í þeim árgöngum.

Nemendur í 10. bekk skrifuðu undir samning við sveitarstjóra í október um að taka þátt í gæslu yngri barna ásamt starfsfólki skólans í frímínútum og matartímum. Þau fá greitt fyrir þessa vinnu og rennur sá peningur í ferðasjóð.

Fyrrverandi kennari við skólann okkar, hún Halla Aðalsteinsdóttir, hefur af miklu örlæti boðist til að vera sjálfboðaliði í skólanum í vetur. Hún hefur verið að aðstoða okkur við að koma upp nýju bókasafni á efri hæð nýja skólans og er einnig að byrja að aðstoða 1.-4. bekk við lestur. Þetta er svo sannarlega kærkomið framlag og mikill akkur fyrir okkur að hafa Höllu hjá okkur.

Við erum nú á seinna ári af tveimur í innleiðingu á Olweus áætlun gegn einelti og andfélagslegri hegðun. Sú vinna gengur vel og er að skila góðum árangri í skólanum. Starfsfólk tekur þátt í Olweusar fundum í hverjum mánuði í tengslum við verkefnið og nemendur halda vikulega bekkjarfundi. Við vinnum mikið með "eineltishringinn" sem er á plakötum víða um skólann og margir foreldrar eiga líka í póstkortastærð. Eineltisumræður hafa farið hátt í fjölmiðlum síðustu vikur og oft fylgja þeim skelfilegar sögur af afleiðingum eineltis. Í Flóaskóla viljum við leggja áherslu á góð og jákvæð samskipti - alltaf og alls staðar - og að allir sem að skólasamfélaginu koma viti að einelti er aldrei liðið. Sem betur fer tekst langoftast að vinna úr einelti eða öðrum samskiptaerfiðleikum á farsælan hátt og þar gegnir samstillt átak skóla og heimilis höfuðmáli. Ég hvet foreldra til að kynna sér vel viðbragðsáætlun okkar í Flóaskóla gegn einelti og hika ekki við að hafa samband við okkur í skólanum ef einhverjar spurningar vakna. Í Flóaskóla á öllum að líða vel og allir eiga að geta fundið til öryggis.

Bestu kveðjur úr Flóaskóla.

Kristín Sigurðardóttir skólastjóri, kristin@floaskoli.is, gsm

Messuboð

Messa í Gaulverjabæjarkirkju sunnudaginn 13. nóvember kl.

14:00.

Sóknarprestur

Tilkynning frá Kvenfélagi Gaulverjabæjarhrepps

Menningarferð Kvenfélags Gaulverjabæjarhrepps verður laugardaginn 3. desember. Skemmtun, gleði, menning, góður matur og frábær félagsskapur er það sem mun einkenna daginn og eru **allar konur í sveitinni velkomnar með**. Áætlað er að leggja af stað um kl.10.00 frá Félagslundu með langferðarbíl og koma heim ???

Dreifibréf mun berast öllum konum í sveitinni von bráðar.

Hlökkum til að sjá ykkur allar ☺

Skemmtinefndin

Tónahátíð félagsheimilanna í Flóahrepp

Helgi Björns og Reiðmenn vindanna

Kæru sveitungar, þá er komið að því sem margir hafa beðið eftir, tónleikar verða með Helga Björns og Reiðmönnum vindanna í félagsheimilinu Þingborg í Flóahreppi laugardagskvöldið 5. nóvember nk.

Frá því að fyrsta plata Helga Björns og Reiðmanna kom út hafa þeir notið dálæti þjóðarinnar, með því að sækja í sönglagaarfinn, fríska upp á gamla gimsteina sem þjóðin hefur sungið í gegnum áratugina og blandað saman gömlum hesta og útilegu söngvum, við dægurlög sem eiga sérstakan stað í þjóðarsálinni.

Miðapantanir er í síma 691-7082, hægt er að sækja pantaða miða sem og kaupa miða föstudaginn 4. nóvember í Þingborg á milli kl. 16-20. Einnig verður hægt að kaupa miða við innganginn á meðan húsrúm leyfir. Aðgangseyrir er kr. 3.500, húsið verður opnað kl. 20:00, tónleikarnir hefjast kl. 21:00. Látið þennan einstaka viðburð ekki fram hjá ykkur fara,

Rekstrarstjórn félagsheimilanna

Frá Umf. Vöku:

Námskeið í leikhúsförðun

Leikfélögin á Selfossi og nágrenni hafa ákveðið að bjóða uppá námskeið í förðun og gerfum. Námskeiðið verður að öllum líkindum helgina 19.-20. nóvember frá kl 12:00- 17:00 báða dagana.

Námskeiðið kostar 10.000 kr á mann og það þarf að lágmarki 8 manns til þess að námskeiðið verði haldið. Kennari námskeiðsins heitir Kristín Thors og hefur yfir 37 ára reynslu af förðunarvinnu í leikhúsum, bíómyndum og auglýsingum. Á námskeiðinu verður farið yfir leikhúsförðun, fantasíuförðun, öldrun, ör/sár og meðhöndlun á skeggjum og ýmsu sem viðkemur leikhúsgerfum.

Ef þið hafið áhuga á námskeiðinu þá skuluð þið hafa samband við Guðmundu í síma 846-9775 og skrá ykkur fyrir 5. nóvember næstkomandi. Við hvetjum alla til að skrá sig á námskeiðið en sérstaklega þá sem hafa ekki starfað með okkur í leikdeildinni áður og vilja fá nasasjón af leikhúsheiminum.

Leikdeild Vöku

Ekkert dansnámskeið

Vegna dræmrar þáttöku í dansnámskeiði sem auglýst var í síðustu Áveitu hefur verið ákveðið að hætta við það í þetta skiptið og reyna kannski aftur síðar, e.t.v. í janúar, ef eftirspurn verður meiri.

Skemmtinefnd Umf Vöku

Árgjald Umf. Vöku

Nú er komið að því að innheimta árgjöld Umf. Vöku fyrir árið 2011. Allir félagsmenn 12 ára og eldri greiða árgjald og er það 700 kr á ári. Félagar geta annaðhvort greitt í gegnum heimabanka eða haft samband við bankann sinn og beðið gjaldkera um að millifæra. Gott væri að setja nafn og kennitölu viðkomandi félagsmanna sem skýringu.

Ég minni á að nauðsynlegt er að hafa greitt árgjald ætli viðkomandi að óska eftir styrk frá félaginu vegna íþróttaiðkunar. Vakni einhverjar spurningar, endilega hafið samband í síma 845-9719 eða í tölvupósti

lyngh@emax.is

Kennitala Umf. Vöku 471077-0389

Reikningur 0152-26-2216

Með kveðju, Hallfríður Ó. Aðalsteinsdóttir

Ásrún Halla kosin í stjórn leikdeildar

Aðalfundur leikdeildar Vöku var haldinn í fjárhúsinu í Egilsstaðakoti sunnudagskvöldið 23. október. Þorsteinn Logi Einarsson gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu sem formaður félagsins svo ný stjórn var kosin á fundinum. Nýr formaður var kosin Guðmunda Ólafsdóttir og nýr ritari er Ásrún Halla Loftsdóttir. Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir gegnir áfram embætti gjaldkera. Fundurinn var líflegur og margt rætt. Leikdeildinni bárust góðar gjafir á síðasta leikári en við fengum gefins fulla kassa af fatnaði frá bæði Höllu Aðalsteinsdóttur og Guðmundi Árnasyni og við færum þeim góðar þakkir fyrir því það munar ótrúlega miklu að eiga gott búningasafn. Næsta stóra leikverk verður sett á svið árið 2013 á afmælisári félagsins en mikill vilji var hjá fundarmönnum að sitja samt ekki með hendur í skauti í vetur og setja eitthvað upp þótt það yrði smátt í sniðum. Tilkynnt var að leikdeildinni hefði verið boðið að vera með gestaleikverk á Hugarflugi hjá Leikfélagi Selfoss en Hugarflugið samanstendur af stuttum leiknum verkum sem eru sett saman í eina sýningu.

Að lokum viljum við þakka Þorsteini Loga gott starf en hann er búinn að sitja í embætti formanns síðan árið 2005 en við vonum að við fáum áfram að njóta krafta hans í þágu félagsins.

Markaður í Þjórsárverri

Munið markaðinn 20. nóvember á vegum Kvenfélags Villingaholtshrepps.

Opið verður frá kl. 13-18. Á boðstólum verður fjölbreytt úrval nytja- og skrautmuna ásamt ýmsu góðgæti.

Kvenfélagskonur selja kaffiveitingar á vægu verði. Látið þessa skemmtilegu nýbreyttni í skammdeginu ekki fram hjá ykkur fara.

Kvenfélag Villingaholtshrepps

Fréttir frá Krakkaborg

Það er alltaf líf og fjör í Krakkaborg og nóg að gera og var októbermánuður þar engin undantekning á.

Starfsfólk Krakkaborgar fór á haustþing 8. deildar félags leikskólakennara sem haldið var á Hótel Selfossi 7. október sl. Þar voru m.a. haldin stutt námskeið og fyrirlestrar um ýmis málefni tengd leikskólastarfinu sem og málstofa um nýja Aðalnámskrá leikskóla sem tók gildi nýverið.

Bæði Strumpadeild og Tígradeild héldu fjölskyldukaffi þar sem fjölskyldum barnanna var boðið í morgunkaffi inn á deildunum. Þessar stundir tókust prýðilega og var gaman að sjá hversu margir sáu sér fært að mæta. Bangsadeild ætlar svo að halda sitt fjölskyldukaffi í byrjun nóvembermánaðar.

Fyrri hluta foreldraviðtala er að ljúka og eru það foreldrar barna sem fædd eru á tímabilinu júlí – desember sem koma í viðtal nú í október. Gaman er frá því að segja að foreldrar eru almennt mjög ánægðir með leikskólann og leikskólastarfið.

Nýlega var tekin í notkun á Tígradeild ný tölva sem keypt var fyrir gjafafé frá Búnaðarfélagi Gaulverjabæjarhrepps. Í henni fara börnin í leiki sem hjálpa þeim að læra tölur, bókstafi, stærðfræðihugtök, liti og margt fleira. Þessi gjöf á eftir að nýtast okkur mjög vel og þökkum við Búnaðarfélagi Gaulverjabæjarhrepps kærlega fyrir.

Elstu börn leikskólans fara í heimsókn í Flóaskóla einu sinni í mánuði nú fyrir áramót. Þar kynnast þau skólastarfinu og verða þannig betur undirbúin fyrir grunnskólagöngu næsta haust. Eftir áramót fara þau í þessar heimsóknir tvisvar í mánuði og fara þar að auki í vorskóla í maí. Elstu börnin eru einnig að byrja í ART en þetta er þriðja árið sem ART er kennt í Krakkaborg. Er barnahópnum skipt í tvennt og fer annar hópurinn í ART fyrir áramót en seinni hópurinn eftir áramót.

Sr Sveinn Valgeirsson kemur í heimsókn á Tígradeild einu sinni í viku nú í vetur. Þar ræðir hann við börnin m.a. um vináttuna og hvernig maður á að koma fram við aðra. Hann segir þeim dæmisögur og syngur með þeim ýmis lög og leikur undir á gítar. Þessar stundir eru alltaf mjög vinsælar hjá krökkunum og skemmta allir sér vel.

Í haust erum við búin að vera dugleg við að fara í göngutúra hér í

nágrenni leikskólans. Í sumar var hafin vinna við að gera göngustíga hér í móanum í kringum leikskólann og höfum við notið góðs af því. Yngstu börnin hafa farið í marga göngutúra í fina vagninum sínum sem Guðmundur, umsjónarmaður fasteigna í Flóahreppi, smíðaði handa leikskólanum. Vagninn hentar yngstu börnunum einstaklega vel og hefur hjálpar til við að auka fjölbreytni í útivist þeirra.

Framundan í nóvember er fjölskyldukaffi á Bangsadeild og svo fara börn á Tígradeild í menningarferð á bókasafni á Selfossi. Auk þess er hefðbundin skólaheimsókn í Flóaskóla hjá elstu börnunum. Seinni hluta nóvember verður svo haldin föndurdagur í leikskólanum en þá eru foreldrar og systkin velkomin í leikskólann í jólaföndur og að piparkökuskreytingu. Þá verður einnig kveikt á jólaljósunum á stóra jólatrénu fyrir utan leikskólann.

Hafið það sem allra best í skammdeginu.

Karen Viðarsdóttir

Leikskólastjóri í leikskólanum Krakkaborg

Opið hús á Stóra-Ármóti

Föstudaginn 11. nóvember milli kl. 13-17 verður opið hús á Stóra-Ármóti. Þar verður hægt að fylgjast með klaufsnyrtingu, ómskoðun sauðfjár og hrossadómum. Kynning verður á NorFor fóðurmatskerfinu, túnkortagerð ofl.

MS og Ölvisholt brugghús verða með vörukynningu. Heitt verður á könnuni og léttar veitingar í boði.

Ýmis fyrirtæki og hagsmunasamtök kynna starfsemi sína og margt fróðlegt að sjá og heyra. Allir velkomnir

Búnaðarsamband Suðurlands
Landbúnaðarháskóli Íslands

Glímufréttir

Góður árangur á fyrsta móti vetrarins

Fyrsta glímumót vetrarins fór fram á Hvolsvelli laugardaginn 29. október. Þá var glímd fyrsta umferð í meistaramóti fullorðinna auk þess sem meistarmót og sveitaglíma 15 ára og yngri fóru fram. Okkar fólk náði góðum árangri sem endranær. Marín Laufey Davíðsdóttir, Samhygð, hafnaði 3. sæti í +65 kg flokki en náði sigri í opnum flokki í 1. umferð MÍ. Guðrún Inga Helgdóttir, Vöku, sigraði örugglega í flokki 14 ára stelpna. Hanna Kristín Ólafsdóttir, Baldri, varð jöfn annari í fyrsta sæti í flokki 13 ára stelpna. Þorgils Kári Sigurðsson Vöku og Jón Gunnþór Þorsteinsson Samhygð glímdu báðir í flokki 13 ára stráka. Þorgils náði 2. sæti og Jón 4. sæti. Þau Rúna, Hanna, Þorgils og Jón glímdu síðan öll í sigursveitum HSK í sínum aldursflokki. Sannarlega góður árangur hjá krökkunum

Fjórðungsglíma framundan

Fjórðungsglíma Suðurlands verður haldinn í Reykholti fimmtudaginn 17. nóvember og hefst kl. 19:00. Keppt er fullorðins, unglinga og barnaflokkum og stefnir glímufólk Baldurs, Samhygðar og Vöku ótrautt á þátttöku þar.

Glímuæfingar

Æfingar eru mánudagskvöldum kl. 20:00 til 21:00. Allir krakkar í 3. bekk og eldri velkomnir. Foreldrum er frjálst að fylgjast með æfingum og hinkra eftir börnunum ef um langan veg er að fara á æfingar.

Árgjald Umf. Samhygðar

Nú er komið að því að innheimta árgjald Umf. Samhygðar fyrir árið 2011. Allir félagsmenn 14 ára og eldri greiða árgjald 1000 kr. Ekki er innheimt árgjald af yngri félagsmönnum.

Félagar eru beðnir um að greiða árgjaldið með millifærslu á reikning Umf. Samhygðar 152-26-23817 kt. 471077-1359. Tilgreina verður nafn og kennitölu greiðanda. Nánari upplýsingar fást hjá gjaldkera Umf. Samhygðar Hugrúnu Geirsdóttir í netfanginu huggageirs@hotmail.com.

Með félagskveðju
Stjórnin

Pistillinn

Umferðarmál

Nú fer í hönd dimmasti tími ársins, þá reynir á alla sem um akvegi fara meira en kannski þegar bjartast er og blíðast. Á vegum og akbrautum er margskonar umferð, trimmarar, hjólreiðafólk, gangandi umferð, litlir bílar, stórir bílar, bílar með kerrur, bílar með aftanívagna. Allir þessir aðilar eiga það sameiginlegt að þurfa að taka tillit til hvers annars og sjást vel hvernig sem viðrar. Þá er ég komin að því sem ég vil leggja mesta áherslu á með þessum skrifum, það þurfa allir að sjást mjög vel og með löngum fyrirvara svo ekki verði tjón eða slys í umferðinni. Ég er alltaf jafn hissa á hvað það er algengt að verða vitni að því hvað vegfarendur eru kærulausir með það að hafa endurskinsmerki eða vera í sjálflýsandi vestum sem sjást margfalt betur, sérstaklega þar sem vegstikurnar eru. Þær geta stundum vilt fólki sýn. Endurskinsvestin fást mjög víða og í öllum mögulegum útfærslum og kosta nánast ekki neitt. Einnig er hægt að fá allskonar kuldagalla og úlpur sem kosta meiri peninga, en eru í raun ódýr líftrygging. Ég velti því oft upp í huganum þegar ég mæti eða fer framúr einstaklingum á vegunum sem eru klæddir í felulitum malbiks eða malarvega hvor þeir séu að bíða eftir því að einhver aki yfir þá. Stundum verður þeim það til lífs að það kemur smá hreyfing fyrir ljósgeislann á bílnum sem kemur á móti eða maður sér að eitthvað ber við endurskinið á vegstiku. Ég vona að þessi orð mín vekji fólk til umhugsunar um þessi mál. Ekki bíða með að fá ykkur einhverskonar endurskinsvesti, á morgun gæti það verið of seint.

Bestu kveðjur til allra þeirra sem þennan pistil lesa.

Vil ég svo biðja Jóhann Snorra Arnarson í Brandshúsum 1 að skrifa næsta pistil.

Helgi Stefánsson

Frjálsíþróttæfingar

Minum alla krakka í 5. -10. bekk á frjálsíþróttæfingarnar í Þingborg. Þær fara fram á þriðjudögum kl 18:30- 20:00 og þjálfari er Guðmunda Ólafsdóttir.

P.s. Við hvetjum foreldra til að sameinast um akstur á æfingarnar ;) Ungmennafélögin

Dagskrá mánaðarins

Æfing yngri	2. nóvember
Helgi Björns og reiðmenn vindanna	5. nóvember
Glímuæfing	7. nóvember
Æfing eldri	8. nóvember
Herbergiskvöld Kvf. Hraungerðishr.	8. nóvember
Æfing yngri	9. nóvember
Opið hús á Stóra– Ármóti	11. nóvember
Messa í Gaulverjabæjarkirkju	13. nóvember
Glímuæfing	14. nóvember
Æfing eldri	15. nóvember
Heimavöldvaka Kvf. Hraungerðishr.	15. nóvember
Æfing yngri	16. nóvember
Fjórðungsglíma Suðurlands	17. nóvember
Námskeið í leikhúsförðun	19.-20. nóvember
Markaður í Þjórsárveri	20. nóvember
Glímuæfing	21. nóvember
Æfing eldri	22. nóvember
Æfing yngri	23. nóvember
Morgunfundur með oddvita og sveitarstjóra	26. nóvember
Glímuæfing	28. nóvember
Æfing eldri	29. nóvember
Æfing yngri	30. nóvember
Skila tilnefningum fyrir íþróttamann	1. desember
Frestur til að sækja um æfingastyrki	1. desember
Menningarferð Kvf. Villingaholtshr.	3. desember
Menningarferð Kvf. Gaulverjabæjarhr.	3. desember



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160